

REGLUGERÐ

um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorskanetum.

1. gr.

Skipum, sem hafa færri en 8 menn í áhöfn skal óheimilt að eiga fleiri net í sjó en 90.

Sé áhöfn 8 eða 9 menn skulu net ekki vera fleiri en 105.

Sé áhöfn 10 menn skulu net ekki vera fleiri en 120.

Sé áhöfn 11 menn skulu net ekki vera fleiri en 135.

Sé áhöfn 12 menn eða fleiri skulu net ekki vera fleiri en 150.

2. gr.

Um páska skal haga veiðum þannig, að á tímabilinu frá og með skírdegi til og með páskadags skal hámarksfjöldi leyfðra neta í sjó vera 30 netum færri en segir í 1. gr. og gildir þetta um alla þargreinda flokka.

3. gr.

Þorskanet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

4. gr.

Öll þorskanet skulu tryggilega merkt því skipi, sem notar þau, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.

5. gr.

Týni skip þorskaneti í sjó er skipstjóra þess skylt að tilkynna það þegar í stað til Landhelgisgæzlunnar og geta þar um síðustu vitaða staðsetningu netsins eða netanna.

6. gr.

Sjómenn skulu sjálfir hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt. Verði sjómaður þess áskynja, að um brot á reglugerðinni sé að ræða, ber honum að tilkynna það til síns stéttarfélags, sem síðan sér um að koma kærunni til réttara aðila.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk til ríkissjóðs ef brot þykir gefa tilefni til þess. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 40 5. febrúar 1963 með síðari breytingum, um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorskanetum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. marz 1972.

Lúðvík Jósepsson.

Þórður Ásgeirsson.